



Íbúaráð Miðborgar og Hlíða  
b.t. Heimis Snæs Guðmundssonar  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu  
Ráðhúsi Reykjavíkur

**Efni: Svar SFS við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um battavelli**

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 22. júní 2021 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 15. liður fundargerðar ráðsins sama dag:

*Borið hefur á því að krakkar í hverfi 101 og þá aðallega nemendur í Austurbæjarskóla kvarti yfir því að battavöllurinn á skólalóðinni við Austurbæjarskóla sé tekinn yfir af eldra fólki eftir klukkan 17.00 þegar skóla og frístund lýkur og um helgar. Grunnskólakrakkar sem vilja nota völlinn í fótboltaleik eftir skóla, um helgar og núna í sumarfríinu þurfa frá að hverfa vegna þess að fullorðnir eða aðilar sem hafa lokið grunnskóla hópast á völlinn. Stundum gengur vel að fullorðnir og börn spili saman en það á alls ekki alltaf við og krakkarnir hrökklast þá í burtu og gefast upp á að fara út með bolta. Það finnst okkur miður, enda viljum við hvetja krakkana til að vera úti að leika og þá er vinsælt að fara í fótbolta á þennan völl. Spurningin er hvort hægt sé að finna einhverja leið til þess að börn á grunnskólastigi hafi forgang á þennan völl sem er á skólalóð Austurbæjarskóla. Er hægt að setja upp skilti á íslensku og fleiri tungumálum við völlinn sem segir að börn hafi forgang á skólalóðinni? Við finnum fyrir þörfinni fyrir fleiri battavelli í miðborginni sem eru ætlaðir almenningi. Eru einhverjar hugmyndir að koma upp fleiri völlum á almenningsvæðum í miðborginni?*

*Viðað til umsagnar skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs. Þessu er hér með komið á framfæri og svara óskað innan þriggja vikna.*

**Svar:**

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs fagnar því að lóðir við grunnskóla borgarinnar séu notaðar utan starfstíma skóla enda hefur það verið stefna borgarinnar um árábil að lóðir við leik- og grunnskóla borgarinnar nýtist almenningi utan starfstíma skólanna.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs styður þá tillögu að sett verði upp skilti á íslensku, ensku og pólsku þar sem mælst er til þess að börn á leik- og grunnskólaaldri hafi forgang að leiksvæðum á vegum borgarinnar utan starfstíma skólanna en gerir sér um leið grein fyrir því að erfitt getur verið að framfylgja slíkum tilmælum til hins ítrasta.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs gerir ráð fyrir að umhverfis- og skipulagssvið svari þeim þáttum er varðar hugmyndum um að koma upp fleiri völlum á almenningssvæðum í miðborginni.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs